



# Sameining sveitarfélaga á Suðurlandi

---

Unnið fyrir Rangárþing eystra

Maí 2022



**HÍ**

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

## Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Sveitarstjórn Rangárbings eystra
Markmið rannsóknar	Að skoða hug fólks til sameiningar sveitarfélaga á Suðurlandi

## Ábyrgðaraðilar

Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2022
Skýrsluhöfundur	Stefán Þór Gunnarsson

# EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT.....	3
TÖFLUYFIRLIT.....	4
MYNDAYFIRLIT .....	5
INNGANGUR.....	6
FRAMKVÆMD OG HEIMTUR.....	7
BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR.....	8
NÍÐURSTÖÐUR .....	9

# TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1.	FRAMKVÆMD KÖNNUNARINNAR .....	7
TAFLA 2.	SAMANBURÐUR Á DREIFINGU OG SVARHLUTFALLI EFTIR KYNI, ALDRI OG RÍKISFANGI.....	7
TAFLA 3.	KYN .....	8
TAFLA 4.	ALDUR .....	8

## MYNDAYFIRLIT

MYND 1. HVER ER AFSTAÐA ÞÍN TIL SAMEININGAR RANGÁRÞINGS EYSTRÁ VIÐ ANNAD EÐA ÖNNUR SVEITARFÉLÖG Á ÞESSUM TÍMAPUNKTI? ERTU FYLGJANDI EÐA MÓTFALLIN(N)?.....	9
MYND 2. HVERSU FYLGJANDI EÐA MÓTFALLIN(N) ERT ÞÚ SAMEININGU EFTIR TALINNA SVEITARFÉLAGA? ALLIR ÞÁTTTAKENDUR TEKNIR MEÐ Í ÚTREIKNING. ....	10
MYND 3. HVERSU FYLGJANDI EÐA MÓTFALLIN(N) ERT ÞÚ SAMEININGU EFTIR TALINNA SVEITARFÉLAGA? (AÐEINS ÞAU SEM ERU FYLGJANDI EINHVERS KONAR SAMEININGU). ....	11
MYND 4. HVERSU FYLGJANDI EÐA MÓTFALLIN(N) ERT ÞÚ SAMEININGU SVEITARFÉLAGA INNAN RANGÁRVALLASÝSLU (RANGÁRÞING EYSTRÁ, RANGÁRÞING YTRA OG ÁSAHREPPUR)? (AÐEINS ÞAU SEM ERU FYLGJANDI EINHVERS KONAR SAMEININGU).....	12
MYND 5. HVERSU FYLGJANDI EÐA MÓTFALLIN(N) ERT ÞÚ SAMEININGU RANGÁRÞINGS EYSTRÁ OG RANGÁRÞINGS YTRA? (AÐEINS ÞAU SEM ERU FYLGJANDI EINHVERS KONAR SAMEININGU). ....	13
MYND 6. HVERSU FYLGJANDI EÐA MÓTFALLIN(N) ERT ÞÚ SAMEININGU RANGÁRÞINGS EYSTRÁ OG MÝRDALSHREPPS? (AÐEINS ÞAU SEM ERU FYLGJANDI EINHVERS KONAR SAMEININGU). ....	14
MYND 7. HVERNIG MYNDIR ÞÚ ÞÁ RAÐA FYRRGREINDUM SAMEININGARMÖGULEIKUM FRÁ ÞEIM SEM ÞÉR LÍST BEST Á TIL ÞESS SEM ÞÉR LÍST SÍST Á? (AÐEINS ÞAU SEM ERU FYLGJANDI EINHVERS KONAR SAMEININGU). ....	15
MYND 8. HVER ER HELSTA ÁSTÆÐA EÐA ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ ÞÚ ER MÓTFALLIN(N) SAMEININGU RANGÁRÞINGS EYSTRÁ VIÐ ANNAD SVEITARFÉLAG EÐA SVEITARFÉLÖG? (AÐEINS ÞAU SEM ERU MÓTFALLIN EINHVERS KONAR SAMEININGU). ....	16

## INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra spurninga sem spurðar voru í könnun sem hafði það að markmiði að skoða hug fólks í Rangárþingi eystra til sameiningar sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög á Suðurlandi. Meðfram alþingiskosningum 2021 var kosið um sameiningu Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps og leiddu niðurstöður í ljós að 52% íbúa Rangárþings eystra var fylgjandi sameiningu.

Könnunin náði til allra íbúa, 18 ára og eldri, sem skráðir eru með búsetu í Rangárþingi eystra. Af þeim er stór hluti erlendir ríkisborgarar eða 26%. Illa tókst að ná í þá þar sem símanúmer eru í mörgum tilfellum ekki skráð og reynslan sýnir að stór hluti erlendra ríkisborgara dvelur ekki lengi í sveitarfélaginu eða á Íslandi yfir höfuð.

## FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Reynt var að hafa samband í gegnum síma við alla íbúa Rangárþings eystra eða 1557 manns og var úrtakið því þýðisúrtak. Ekki fundust símanúmer hjá þriðjungi íbúa (33%) og reyndist erfiðara að finna númer hjá yngra fólki heldur en eldra. Hægt var að svara spurningalistanum á íslensku og á ensku.

**Tafla 1. Framkvæmd könnunarinnar**

Framkvæmdarmáti	Símakönnun
Tímabil gagnaöflunar	24.03.22 - 13.04.22.
Fjöldi svarenda	683

Í töflu 2 má sjá dreifingu meðal svarenda og í þýði eftir kyni, aldri og ríkisfangi. Aðeins 3% erlendra ríkisborgara sem skráðir eru með búsetu í Rangarþingi eystra svöruðu spurningunum og dró það heildarsvarhlutfall töluvert niður eða í 43% (sjá töflu 2). Svarhlutfall íslenskra ríkisborgara var 58%. Yngri íbúar svöruðu síður spurningunum en þeir sem eldri eru en ekki var mikill munur á svarhlutfalli eftir kyni. Gögnin voru ekki vigtuð þar sem ekki er um úrtak að ræða heldur allt þýðið.



**Tafla 2. Samanburður á dreifingu og svarhlutfalli eftir kyni, aldri og ríkisfangi**

	Úrtak	Svarendur	Svarhlutfall
<b>Allir</b>	1557	683	44%
Karlar	834	368	44%
Konur	723	315	44%
55 ára og eldri	559	381	68%
54 ára og yngri	998	302	30%
<b>Íslenskir ríkisborgarar</b>			
Allir	1153	669	58%
Karlar	617	360	58%
Konur	536	309	58%
55 ára og eldri	536	381	71%
54 ára og yngri	617	288	47%
<b>Erlendir ríkisborgarar</b>			
Allir	404	14	3%

## BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR



Af þeim sem svöruðu spurningalistanum voru 54% karlar og 46% konur og er það í samræmi við hlutfall íbúa í sveitarfélaginu samkvæmt þjóðskrá (sjá töflu 3).

**Tafla 3. Kyn**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Karlar	368	54%	 54%
Konur	315	46%	 46%
<b>Alls</b>	<b>683</b>	<b>100%</b>	

Meirihluti fólks í gögnunum er yfir 54 ára (56%) enda var svarhlutfall mun betra hjá eldra fólki en yngra (sjá töflu 4).


**Tafla 4. Aldur**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
54 ára og yngri	302	44%	 44%
55 ára og eldri	381	56%	 56%
<b>Alls</b>	<b>683</b>	<b>100%</b>	




## NIÐURSTÖÐUR

Tveir þriðju íbúa í Rangárþingi eystra er hlynntur sameiningu sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög eins og sjá má á mynd 1. Spurt var „Hver er afstaða þín til sameiningar Rangárþings eystra við annað eða önnur sveitarfélög á þessum tímapunkti? Ertu fylgjandi eða mótfallin(n)?“ og voru 34% svarenda mótfallnir. Ekki var teljandi munur á afstöðu kynjanna til spurningarinnar en litlu hærra hlutfall eldra fólks var fylgjandi sameiningu en þeirra sem yngri eru.




**Mynd 1. Hver er afstaða þín til sameiningar Rangárþings eystra við annað eða önnur sveitarfélög á þessum tímapunkti? Ertu fylgjandi eða mótfallin(n)?**

Á mynd 3 má sjá hlutfall þeirra sem eru fylgjandi hverri útfærslu fyrir sig þegar allir þátttakendur eru teknir með. Þau sem svara „Hvorki fylgjandi né mótfallin(n)“ við hverjum sameiningarmöguleika fyrir sig eru ekki tekin með í útreikninga fyrir þá tillögu. Af öllum þátttakendum eru 64% hlynnt sameiningu innan Rangárvallasýslu (Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur) sem er töluvert hærra hlutfall en í kosningum 2021 um sameiningu Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, en þá greiddu 52% íbúa sveitarfélagsins atkvæði með sameiningu. Litlu lægra hlutfall, eða 63% eru hlynnt sameiningu Rangárþings eystra og Rangárþings ytra. Þá er minnihluti eða tvö af hverjum fimm hlynnt sameiningu Rangárþings eystra og Mýrdalshrepps.




**Mynd 2. Hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu eftirtalinna sveitarfélaga? Allir þátttakendur teknir með í útreikning.**

Séu eingöngu þau sem eru fylgjandi einhvers konar sameiningu skoðuð eru flestir hlynntir sameiningu Rangárþings eystra við Rangárþing ytra og Ásahrepp eða 87% (sjá mynd 2). Næstum því jafn hátt hlutfall (86%) er hlynnt sameiningu við eingöngu Rangárþing eystra. Lang fæstir eru hlynntir sameiningu Rangárþings eystra við Mýrdalshrepp eða 51% af þeim sem eru þeim sem eru fylgjandi einhvers konar sameiningu.




**Mynd 3. Hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu eftirtalinna sveitarfélaga? (Aðeins þau sem eru fylgjandi einhvers konar sameiningu).**

Ekki er teljanlegur munur á afstöðu karla eða kvenna til sameiningar innan Rangárvallasýslu þegar afstaða þeirra sem eru hlynnt einshverskonar sameiningu er skoðuð, en eldra fólk er meira fylgjandi þeirri útfærslu en yngra fólk, eins og sjá má á mynd 4.




**Mynd 4. Hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu sveitarfélaga innan Rangárvallasýslu (Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur)? (Aðeins þau sem eru fylgjandi einhvers konar sameiningu).**

Á mynd 5 sést af þeim sem eru fylgjandi einhvers konar sameiningu eru 85% hlynt sameiningu Rangarþings eystra við Rangarþing ytra. Ekki er teljanlegur munur á afstöðu til þessarar útfærslu eftir kyni eða aldri.




**Mynd 5. Hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu Rangarþings eystra og Rangarþings ytra? (Aðeins þau sem eru fylgjandi einhvers konar sameiningu).**

Íbúum líst að jafnaði verst á sameiningu Rangárþings eystra og Mýrdalshrepps. Um helmingur fólks (51%) í Rangárþingi eystra sem eru hlynnt einhverskonar sameiningu eru fylgjandi þessari útfærslu. Karlar og eldra fólk er þó ívið jákvæðari gagnvart tillögunni en yngra fólk og konur.




**Mynd 6. Hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu Rangárþings eystra og Mýrdalshrepps? (Aðeins þau sem eru fylgjandi einhvers konar sameiningu).**

Þegar þau sem voru fylgjandi einhvers konar sameiningu voru beðin um að raða tillögunum þremur í röð eftir því sem þeim leist best á til þeirrar sem þeim leist síst á voru niðurstöðurnar þær að fólki leist best á sameiningu innan Rangárvallasýslu en 60% völdu það sem fyrsta kost og 29% sem annan. Rúmum þriðjungu leist best á sameiningu við Rangárþing ytra og rúmur helmingur valdi þá tillögu sem annan kost. Sameining við Mýrdalshrepp var sjaldnast valin sem fyrsti og annar kostur og röðuðu þrjú af hverjum fjórum þeirri tillögu í síðasta sæti (sjá mynd 7).



**Mynd 7. Hvernig myndir þú þá raða fyrrgreindum sameiningarmöguleikum frá þeim sem þér líst best á til þess sem þér líst síst á? (Aðeins þau sem eru fylgjandi einhvers konar sameiningu).**

Þau sem voru mótfallin nokkurs konar sameiningu voru beðin um að gefa upp helstu ástæðu þess að þau væru mótfallin sameiningu í opnu svari. Svörin voru flokkuð í 10 flokka eins og sjá má á mynd 8. Um einn af hverjum fimm þeirra sem er á móti sameiningu sögðu að helsta ástæða sinnar afstöðu væri sú að enginn ávinningur væri af henni og var það sú ástæða sem var oftast gefin. Næst flest nefndu þá ástæðu að þjónusta í Rangárþingi eystra myndi minnka eða 17%. Þá var helsta ástæða fyrir afstöðunni hjá 16% fólks sú að nýtt sveitarfélag yrði of víðfeðmt. 13% nefndu fjárhagslegar ástæður, 12% sögðu að sameining væri ekki tímabær, 7% að það gengi vel eins og er og því ekki ástæða til breytinga, 6% sögðu að helsta ástæða afstöðunnar væri sú að sveitir myndu tapa á kostnað þéttbýliskjarna. Þá voru 2% sem sögðu að sameiningartilraunir væru fullreyndar og jafn há prósentu sagði að báknið myndi stækka. 5% töldu fram aðrar ástæður.



**Mynd 8. Hver er helsta ástæða eða ástæður þess að þú er mótfallin(n) sameiningu Rangárþings eystra við annað sveitarfélag eða sveitarfélög? (Aðeins þau sem eru mótfallin einhvers konar sameiningu).**